

Skýrsla um starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar júní 2008 – maí 2009

Inngangur

Þann 21. október 2008 voru eitthundrað ár liðin frá fæðingu Sigurjóns og 20 ár frá því að Sigurjónssafn var opnað almenningi. Þessi tímamót settu mark sitt á starfsemi safnsins og hafa starfsmenn átt mjög annríkt af því tilefni.

Fjórar sýningar voru haldnar á vegum safnsins: í Búrfellsstöð, í Frederiksborgarhöll í Danmörku, í Hafnarborg og að lokum í safninu sjálfu. Fyrir sýninguna í Búrfellsstöð vann starfslið safnsins textaspjöld og upplýsingabækling sem Landsvirkjun gaf út. Í tengslum við sýninguna í Danmörku gaf safnið út vandaða bók, á dönsku og ensku, þar sem frú Vigdís Finnbogadóttir ritar inngangsorð og Charlotte Christensen listfræðingur skrifar grein um Sigurjón og portrett hans. Ritstjórar voru Lise Funder og Birgitta Spur. Með sýningunni í Hafnarborg var sýningarskrá með greinum eftir listfræðingana Gunnar J. Árnason og Auði Ólafsdóttur. Fyrir sýninguna í LSÓ var unnið kennsluefni fyrir börn. Einnig var gefinn út DVD diskur með þremur kvikmyndum sem tengjast starfi Sigurjóns.

Landsvirkjun og Glitnir veittu safninu veglega styrki vegna afmælisins.

Sýningar í safninu

Úr fórum safnsins

05.04.08 – 07.09.08

Sýning á verkum Sigurjóns var sett upp í aprílbyrjun eftir viðgerð á safnhúsunum, en endurskipulögð fyrir heimsókn krónprínshjónanna dönsku, Friðriks og Mary, þann 5. maí 2008.

Stund hjá Sigurjóni - Afmælisýning í Laugarnesi

21.10.08 – haust 2009

Borgarstjórinn í Reykjavík, Hanna Birna Kristjánsdóttir, opnaði afmælisýningu á verkum Sigurjóns sem er ætluð sérstaklega fyrir börn í fylgd fullorðinna. Sýningarmunum er skipt í þrjá flokka: verk sem tákna mannverur; verk sem tákna dýr og ímyndunarafli. Hver flokkur hefur sinn eigin lit og við innganginn safnið fá börnin spjöld í þremur litum með leiðbeinandi spurningum fyrir hvert verk. Fullorðna fólkið fær samsvarandi spjöld með leiðbeiningum og athugasemdum sem auðvelda samræður við börnin um verkin. Alma Dís Kristinsdóttir safnakennari úbjó fræðsluefnið. Það hefur sýnt sig að sýningin höfðar til barna á öllum aldri.

Listasafn Sigurjóns tók þátt í Vetrarhátíð í Reykjavík með sérstakri dagskrá á Safnanótt þann 13.02.09. Eins og flest önnur söfn í Reykjavík var opið frá kl. 19 til miðnættis. Á efri hæð salsins, sem var myrkvaður, var leitað að skúlptúrum með vasalukt. Klukkan 20 sagði Vilborg Dagbjartsdóttir gestum safnsins sögur.

Sýningar annars staðar - á vegum safnsins

Búrfellsvirkjun

14.06.08 – 31.08.08

Sýning á 10 skúlptúrum Sigurjóns Ólafssonar sem tengjast stóru veggmyndunum hans á stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar, ásamt vinnubekk og verkfærum sem Sigurjón notaði við verkið. Einnig var sýnt vinnumódel Sigurjóns að veggmyndunum, 6 lágmyndir úr gífsi (*Lágmyndir, frumdrög IV*, LSÓ 1231) sem Landsvirkjun á. Sýningin var opin síðdegis allt sýningartímabilið, aðgangur var ókeypis og sumarstarfsfólk Landsvirkjunar gætti hennar.

Sigurjón Ólafssons portrætter

26.09.08 – 31.12.08

Sýning á 26 andlitsmyndum í hinu þekktu Frederiksborgarsafni í Hillerød á norður Sjálandi (Det Nationalhistoriske Museum på Frederiksborg Slot). Samtímis var söguleg sýning í safninu um tengsl Danmerkur og Íslands. Fyrirverandi forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir opnaði sýninguna. Þann 13. desember var Birgitta Spur með leiðsögn um sýninguna fyrir um 40 gesti. Sýningin hlaut mikið umtal í dönskum blöðum. Sjóvá og Samskip styrktu sýninguna.

Sigurjón og Þorvaldur - tveir móðernistar

04.10.08 – 10.11.08

Sýning á höggmyndum eftir Sigurjón Ólafsson og málverkum og teikningum eftir Þorvald Skúlason í Hafnarborg. Vinirnir Sigurjón og Þorvaldur voru næstum jafnaldr og á rúmlega hálfri aldar starfsferli sínum beindu þeir nýjum straumum inn í íslenska myndlist 20. aldar undir samheitinu móðernismi. Birgitta Spur veitti leiðsögn um sýninguna 19.10.08 og Gunnar J. Árnason þann 2.11.08. Að sýningunni stóðu Listasafn Sigurjóns og Listasafn Háskóla Íslands.

Sumartónleikar

Sumartónleikar safnsins 2008 hófust 8. júlí og stóðu til 2. september. Á níu tónleikum sumarsins komu fram sextán íslenskir og þrír erlendir tónlistarmenn. Eins og undanfarin ár var gefinn út 16 síðna litprentaður kynningarbæklingur á íslensku og ensku sem dreift var á gististaði og ferðamannastaði og var einnig póstsundur til fjölda einstaklinga. Aðsókn var góð og var mikill meiri hluti tónleikagesta íslenskur. Tónlistarsjóður og Glitnir styrktu sumartónleikana. Í tilefni af afmælisárinu voru allir tónleikar hljóðritaðir af Sveini Kjartanssyni, Stúdío Sýrlandi.

Umsóknarfrestur fyrir sumartónleika 2009 rann út að venju um miðjan febrúar og bárust 30 umsóknir. Búið er að vinna úr umsóknum. Haldnir verða 9 tónleikar frá 7. júlí til 1. september og hefur tónleikaskráin verið birt á netsíðu safnsins.

Aðrir viðburðir í safninu

- 14.08.08 Úthlutun úr minningarsjóði Jean Pierre Jacquillat.
- 02.11.08 *Rússneskar perlur*, tónleikar Alexandra Chernysova, sópran og Thomas Higgerson, píanó. Upplstur: Guðrún Ásmundsdóttir og Árni Bergmann.
- 26.11.08 Tónleikar *Sígildrar brautar* Tónlistarskóla FÍH.
- 06.12.08 Jólatónleikar Tónskóla Sigursveins.
- 12.12.08 Tónleikar framhaldsdeildar Tónskóla Sigursveins.
- 22.03.09 Tónleikar Þóris Jóhannssonar og Sólveigar Önnu Jónsdóttur.
- 18.04.09 Listasafn Sigurjóns tók þátt í *Ferðafagnaði* á vegum Reykjavíkurborgar.
- 14.05.09 Burtfaraprófstónleikar á vegum FÍH.
- 23.05.09 Burtfaraprófstónleikar frá Söngskóla Sigurðar Demetz.
- 24.05.09 Tónleikar Dúó Landon á vegum Listahátíðar.
- 28.05.09 Tónleikar Eddu Pálsdóttur.

Sigurjóns minnst

Í tengslum við aldarafmæli Sigurjóns birtist grein eftir danska myndhöggvarann, prófessor Bjørn Nørgaard í *Kristeligt Dagblad*, Kaupmannahöfn, 21.12.08 og hið þekktu danska listtímarit *Billedkunst* birti sömu grein í hefti sínu nr. 1, maí 2009. Bjørn fjallar um þá ögrun sem það er fyrir klassísk menntaðan listamann að sameina hefðina við afstrakt list móðernismans.

Birgitta Spur var beðin um að skrifa grein um Sigurjón Ólafsson og safn hans fyrir fagtímaritið *Danske Museer*, nr. 1, febrúar 2009.

Þann 16. nóvember 2008 var haldið málþing um Sigurjón Ólafsson í Listasafni Árnesinga í Hveragerði þar sem Aðalsteinn Ingólfsson ræddi um verk Sigurjóns í opinberu rými og Æsa Sigurjónsdóttir fjallaði um list Sigurjóns í alþjóðlegu samhengi. Jórunn Sigurðardóttir dagskrárgerðarmaður RÚV hljóðritaði erindin og vann þátt um Sigurjón í tilefni af aldarafmæli hans. Þátturinn var á dagskrá rásar 1 þann 21. desember 2008 og bar heitið: *Sigurjón Ólafsson - hinn mikli móðernisti! Hvar er hann nú?* Viðmælendur Jórunnar voru: Guðjón Ketilsson, Ragnhildur Stefánsdóttir, Ragnar

Kjartansson, Halldór Björn Runólfsson forstöðumaður Listasafns Íslands og Ólafur Gíslason prófessor við Listaháskóla Íslands. Einnig heyrðust brot úr fyrirlestri Æsu Sigurjónsdóttur, úr gömlu viðtali við Sigurjón og viðtal Jórunnar við Birgittu Spur. Þættinum var endurútvarpað þann 17. maí 2009, kl. 13.

Blysför til heiðurs Sigurjóni var farinn frá Barnaskólanum á Eyrarbakka að listaverkinu Kríunni að morgni fæðingardags hans, 21. október, 2008. Bornir voru 100 kyndlar eftir göngustíg að mennismerkinu. Hugmyndina að blysförinni átti Björn Ingi Bjarnason og stóð hann ásamt skólayfirvöldum barnaskólans fyrir göngunni. Þátttakendur voru nemendur skólans ásamt Ragnheiði Hergeirsdóttur, bæjarstjóra Árborgar, Arndís Hörpu Einarsdóttur skólastjóra og Ástu Stefánsdóttur, bæjarritara.

Útlán vegna sýninga

Rismyndin *Börn að leik*, 1938, LSÓ 206, var lánuð á sýninguna *Finn Juhls Hus* sem var haldin á Ordrupgaardsafninu í Danmörku á tímabilinu 3.04.08 – 31.08.08.

Sex þrívíð verk eftir Sigurjón, þar af fjögur úr LSÓ, voru á sýningunni *Picasso á Íslandi* í Listasafni Árnesinga í Hveragerði á tímabilinu 5.10 – 14.12.08. Meðal verka var *Grettir*, sem settur var upp úti fyrir inngangi safnsins.

Safnkostur

Í árslok 2008 var listaverkaeign safnsins 161 þrívíð verk og 240 teikningar, samtals 400 verk. Einkasafn Birgittu Spur og barna hennar lánað safninu að staðaldri 110 þrívíð verk.

Langtímalán

Eftirtaldir aðilar hafa listaverk úr umsjón safnsins að láni:

- ▶ Verkfræðistofan VERKÍS : *Nýtt líf*, LSÓ 103.
- ▶ Sundaborg: *Blómgun*, LSÓ 251, og *Bið að heilsa*, 1973–74, brons, LSÓ 073.
- ▶ Menntamálaráðuneytið: *Tveir bogar eða Hanar*, LSÓ 108, afsteypa í polyester.
- ▶ Háskólinn í Reykjavík: *Fótboltamenn*, 1936, bronsafsteypa, LSÓ 247.

Safnið geymir nokkur verk Sigurjóns sem aðrir eiga:

- ▶ *Reifabarn/Steinn Steinar*, 1955, granít, LSÓ 1137, í eigu Listasafns ASÍ.
- ▶ Ásgrímur Jónsson, 1947, brons, LSÓ 1089, í eigu FÍM.

Á lóð safnsins eru grágrýtismyndir úr eigu Listasafns Íslands:

- ▶ *Faðmlög* frá 1949, LSÓ 1102 og *Lágmynd* frá 1950, LSÓ 1104.

Ennfremur hefur Páll Guðmundsson á Húsafelli lánað höggmynd sína:

- ▶ *Hallgerður Langbrók* og er hún úti á lóð safnsins.

Munir í geymslu

Sem fyrr er meginhluti listaverka Sigurjóns geymdur í geymslu safnsins á Eyrarbakka. Á vordögum keypti safnið handknúinn brettastaflara og settar voru upp brettahillur til að munir og bókalager rúmist betur.

Lýður Pálsson safnstjóri Byggðasafns Árnesinga á Eyrarbakka hefur af mikilli velvild geymt eftirtalin verk í þjónustubyggingu byggðasafnsins þar: *Gríma* (LSÓ 229, gifsmynd, 130 cm), *Fótboltamenn* (LSÓ 1374, stækkað gifsmódel fyrir bronsmyndina á Akranesi), *Farfuglar* (LSÓ 067, úr frauðplasti), gifslíkan af *Folaldinu* (LSÓ 1170) og *Fótboltamaður* (LSÓ 004, úr gífsi) en afsteypa af þeirri mynd stendur við Listasafn Íslands.

Viðlagasjóður hefur greitt metið tjón af völdum jarðskjálftans 29. maí 2008. Kom full greiðsla fyrir *Sporöskjur* (1969, LSÓ 038) og einnig fyrir viðgerðir á bronsafsteypu af *Stúlku*, LSÓ 001. Við nánari athugun komu í ljós nokkrar skemmdir á trémyndum sem í flestum tilfellum er hægt að gera við.

Skráning, rannsóknir og miðlun

Listaverkaskrá Sigurjóns Ólafssonar er heildarskrá verka Sigurjóns, en ekki aðfangaskrá og er þannig ólík skráningarkerfum annarra safna. Öllum listaverkum Sigurjóns, innan safns sem utan, er gefið fast númer (LSÓ númer) sem gert er ráð fyrir

að verði almenn tilvitnun í viðeigandi verk. Grunnur listaverkaskrárinnar er handskrifuð spjaldskrá safnsins en önnur útgáfa hennar er á netinu, öllum aðgengileg. Reynt er að hafa sem nýjastar upplýsingar um verkin á báðum stöðum.

Á forsíðu vefskrárinnar er bent á að það sé kostur fyrir eigendur listaverka Sigurjóns „að fá verkið ljósmyndað og staðfest af starfslíði safnsins“. Viðbrögð við vefnum hafa verið góð og hafa safninu borist fyrirspurnir og ábendingar um listaverk og vitað er að vitnað hefur verið í skrána t.d. á listmunauppböðum.

Safnið hefur komið sér upp góðu safni stafrænna, prenthæfra ljósmynda af verkum Sigurjóns og því var það til dæmis tiltölulega einfalt að bregðast við óskum um fjölda ljósmynda af verkum Sigurjóns sem birtast munu í væntanlegu safnverki um íslenska listasögu. Bent skal á að myndir skannaðar í venjulegum borðskönnunum eru almennt ekki taldar prenthæfar.

Lögð er áhersla á að upplýsingar um sýningar, tónleika og aðra viðburði séu uppfærðar og að þar megi einnig sjá öll frávik frá venjulegum opnunartíma safnsins. Netsíðurnar eru bæði á íslensku og ensku.

Starfsfólk Listasafnsins safnar til skráningar, eða skráir jafnóðum, því sem við kemur listaverkum Sigurjóns. Á árinu 2008 hafa fundist tvö verk sem voru e.t.v. talin glötuð, sex formyndir úr gífsi af veggmyndum fyrir Búrfellsstöð, LSÓ 1231 og trémyndin *Jafnvægi* (1976-77, LSÓ 1310).

Um verk Sigurjóns í alfaraleið

Haustið 2008 var gert við lágmyndir Sigurjóns á Sundaborg (LSÓ 1274). Þurfti meðal annars að endursteypa kubbana inn í austustu lágmyndina *Sköpun* og var þá notuð aðferð Sigurjóns með þéttpressað frauðplast, en í þessu tilfelli voru myndhlutarnir steptir liggjandi inni á gólfi og boltaðir upp á húsið.

Útgáfa

Einblöðungur á ensku og íslensku var gefinn út í tengslum við sýninguna í Búrfellsvirkjun sumarið 2008. Starfsfólk safnsins samdi texta og Landsvirkjun lét prenta. Hann er einnig aðgengilegur á netinu.

Billedhuggeren Sigurjón Ólafsson og hans portrætter/Sculptor Sigurjón Ólafsson and his Portraits. 128 síðna rit í 27×25 cm, litprentað og ríkulega myndskreytt, gefið út sem sýningarskrá í danski og enski útgáfu með sýningu á andlitsmyndum Sigurjóns í Frederiksborgarsafninu í Hillerød á Sjálandi. Vigdís Finnbogadóttir ritar innangang, Mette Skougaard forstöðukona Frederiksborgarsafnsins og Birgitta Spur forstöðukona LSÓ rita formála. Meginefni bókarinnar er ritýnd grein Charlotte Christensen listfræðings um portrett Sigurjóns. Auk æviágrips Sigurjóns hefur Birgitta Spur tekið saman texta um alla þá sem portrett er af á sýningunni og einnig ritaskrá um Sigurjón. Ritstjórar eru Birgitta Spur og Lise Funder. Boggalleriet i Rønne, sem sérhæfir sig í útgáfu og dreifingu listaverkabóka, annast dreifingu í Danmörku. Útgáfa bókarinnar var að mestu fjármögnuð með framlögum úr dönskum sjóðum og Norræna menningarsjóðnum.

Sigurjón Ólafsson og Þorvaldur Skúlason - tveir móðernistar. 48 síðna 21×20 cm litprentuð sýningarskrá fyrir sýningu Sigurjóns og Þorvalds í Hafnarborg haustið 2008. Birgitta Spur ritar innangang, Auður A. Ólafsdóttir ritar tvær hugleiðingar og meginefni bókarinnar er greinin *Tveir móðernistar* eftir listfræðinginn Gunnar J. Árnason. Ritstjórar eru Birgitta Spur og Auður A. Ólafsdóttir. Listasafn Sigurjóns Ólafssonar og Listasafn Háskóla Íslands gefa skrána út.

Sigurjón Ólafsson myndhöggvari /sculptor 1908 – 1982. DVD diskur með þremur heimildamyndum sem tengjast Sigurjóni og verkum hans: *Þessir kollóttu steinar - um andlitsmyndir Sigurjóns Ólafssonar*, sem safnið lét gera 1992 og dreift var á VHS bandi (16 mín.), *Hesten på Kongens Nytorv*, en þar vinnur Sigurjón að því að endurgera þetta þekktu listaverk A.C. Lamoureux frá árinu 1688 (17 mín) og *Saga um lágmynd*, sem Ásgeir Long gerði fyrir Landsvirkjun um Sigurjón og myndirnar í Búrfellsvirkjun (10 mín). Valmyndir og undirtextar eru á íslensku, dönsku og ensku.

Safnið gaf út 16 póstkort í stærð A6 fyrir haustið 2008: *Jon Krabbe* (LSÓ 1029), *Saltfiskstöflun* (LSÓ 1034), *Móðir mín* (LSÓ 007, tvö kort), *Johannes Bjerg* (LSÓ 1045),

Kona (LSÓ 1053), *Otto Gelsted* (sitt kortið af hvoru portrettinu, LSÓ 1060 og LSÓ 1061), *Snót* (LSÓ 1081), *Sigurður Nordal* (LSÓ 1086), *Ásgrímur Jónsson* (LSÓ 1090), *Ole* (LSÓ 1136), *Knud Rasmussen* (LSÓ 025), *Svava Ágústsdóttir* (LSÓ 033), *Faðmlög* (LSÓ 1102) og *Pallas Aþena* (LSÓ 055).

Þjónustubygging safnsins

Allur undirbúningur liðinna ára miðaði að því að taka fyrstu skóflustungu að þjónustuhúsi Listasafnsins á Laugarnesi á afmælisdegi Sigurjóns, 21. október 2008. Það tókst ekki vegna þess að Reykjavíkurborg reyndist erfiðara en við var búist að leysa út byggingar sem fyrir eru. Nú hefur verið gengið frá þeim málum, og þann 21.04.09 samþykkti byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar áform safnsins um að reisa þjónustuhús á lóð nr. 71 á Laugarnestanga. Borgarráð staðfesti samþykkt þessa þann 24.04.09.

Fjárhagsstaða

Útgjöld á afmælisárinu voru mun meiri en liðinna ára. Vegur þar hæst kostnaður vegna útgáfu 6.7 Mkr. (þar af 4.8 Mkr vegna Portrettskrárinnar) og þriggja sýninga á vegum safnsins, 3.6 Mkr. Þá var lokið viðgerðum á safnhúsunum, sem hófust 2007 og kostuðu alls um 8 milljónir króna.

Landsvirkjun og Glitnir voru bakhjarlar safnsins árin 2007-2008 og lögðu safninu til á þessum tveimur árum samtals kr. 14.6 milljónir króna. Norræni menningarsjóðurinn ásamt dönskum sjóðum og íslenskum styrktaraðilum stóðu að miklu leyti undir útgáfu Portrett-sýningarskrárinnar.

Niðurstaða rekstrar safnsins í lok afmælisársins er jákvæð um 4 milljónir króna sem ræðst af því að útgjöld sem reiknað var með vegna þjónustubygginar við safnið frestuðust.

Síðastliðinn áratug hefur rekstrarstyrkur ríkissjóðs fylgt launavísitölu nokkuð vel, var 9.4 milljónir árið 2008 og verður það sama 2009. Búist má við lækkingu fyrir árið 2010.

Reykjavíkurborg hefur einnig styrkt safnið frá upphafi, en ætíð nokkru lægra. Árið 1995 nam styrkurinn 2/3 af styrk ríkissjóðs, en var kominn niður í þriðjung af rekstrarstyrk ríkissjóðs 2008. Samstarfssamningur við Reykjavíkurborg rann út árið 2008 og hefur verið gengið frá samningi fyrir árið 2009 sem felur í sér rúmlega 15% niðurskurð.

Fjöldi safngesta

árið 2008 var um 4000.

Aðgangseyrir

Almennur aðgangseyrir var 300 krónur á almennar sýningar, 400 kr. fyrir sér-sýningar en 200 kr. fyrir eldri borgara og frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna og skólahópa og einnig þá sem framvísa Gestakorti Reykjavíkur, safnmannakorti ICOM og myndlistarnema og kennara.

Samkvæmt samningi Glitnis og LSÓ var aðgangseyrir felldur niður að sýningum safnsins árið 2008.

Safnið er almennt opið

1. júní – 30. sept.: Opið alla daga nema mánudaga kl. 14 – 17.

1. okt. – 31. maí.: Opið laugardaga og sunnudaga kl. 14 – 17.

Í desember og janúar er safnið aðeins opið samkvæmt samkomulagi.

Allar nánari upplýsingar um hvenær safnið er opið má nálgast á netsíðu safnsins.

Starfsmenn

Í föstu starfi hjá safninu er Birgitta Spur og Geirfinnur Jónsson. Steinunn Þórhallsdóttir var ráðin í vinnu mánuðina júní – ágúst 2008 vegna undirbúnings sýninga á afmælisárinu. Yfir sumarmánuðina starfar lausráðið fólk við gæslu og önnur störf.

Aðalfundur LSÓ
var haldinn 3. júní 2008.

Stjórnarfundur
var haldinn 26.nóvember 2008.

Stjórn LSÓ skipa
Eftir aðalfund LSÓ 3. júní 2008 skipa stjórn safnsins: Birgitta Spur (formaður), Hlíf Sigurjónsdóttir, Æsa Sigurjónsdóttir, Anna Einarsdóttir og Vikar Pétursson. Varamenn eru Geirfinnur Jónsson og Karólína Eiríksdóttir.

Fulltrúaráð LSÓ skipa
Eftir aðalfund LSÓ 3. júní 2008 skipa fulltrúaráð þau: Anna Einarsdóttir, Ágúst Einarsson, Björg Þorsteinsdóttir, Brynja Benediktsdóttir, Gísli Sigurðsson, Guðrún Agnarsdóttir, Inga Lára Baldvinsdóttir, Karólína Eiríksdóttir, Pétur Guðmundsson (varaformaður), Sigmundur Guðbjarnason (formaður), Vikar Pétursson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson. Brynja Benediktsdóttir lést 21. júní 2008.

Endurskoðandi safnsins er
Árni Snæbjörnsson löggiltur endurskoðandi hjá Ernst & Young hf.

Sumartónleikar LSÓ 2008

1 Þriðjudaginn 8. júlí kl. 20:30

Ungverskir dansar og rómantík. Freyja Gunnlaugsdóttir klarínett og **Siiri Schutz** píanó. *Balláða* op. 8 og tveir *Ungverskir dansar* eftir Leo Weiner, *Sónata* op. 120 nr. 2 í Es-dúr eftir Johannes Brahms og *Fjórir ungerskir dansar* eftir Rezső Kokai.

2 Þriðjudaginn 15. júlí kl. 20:30

Sebastiano Brusco píanóleikari. *Sónata* í a-moll D 537 op. 164 og *Fjögur Impromptu* op. 90 eftir Franz Schubert. *Fantaisie-Impromptu* op. 66 og *Balláða* í g-moll op. 23 eftir Frédéric Chopin.

3 Þriðjudaginn 22. júlí kl. 20:30

Steinunn Soffía Skjenstad sópran og **Sofía Wilkman** píanó. Sönglög eftir Franz Schubert við ljóð Goethes, lög úr ljóðaflokknum *Des Knaben Wunderhorn* eftir Gustav Mahler, *Fünf Lieder* eftir Anton Webern úr ljóðabálknum *Der Siebente Ring* eftir Stefan George og ýmis sönglög eftir Richard Strauss.

4 Þriðjudaginn 29. júlí kl. 20:30

Anna Áslaug Ragnarsdóttir píanóleikari. *Italienisches Konzert* BWV 971 eftir Johann Sebastian Bach, *Le Traquet rieur* úr *Catalogue d'oiseaux* eftir Olivier Messiaen, *Grande Sonate Pathétique* op. 13 eftir Ludwig van Beethoven, *Barcarolle* op. 60 eftir Frédéric Chopin og *Sonata VIII* eftir Jónas Tómasson.

5 Þriðjudaginn 5. ágúst kl. 20:30

Þórunn Elín Pétursdóttir sópran og **Anna Rún Atladóttir** píanó flytja lög um börn og fyrir börn. Á efnisskránni eru *Barnlige sange* op. 61 eftir Edward Grieg, *I hate music!* eftir Leonard Bernstein, sönglög Jóhanns G. Jóhannssonar við barnaljód Þórarins Eldjárns auk þekktara laga Atla Heimis Sveinssonar.

6 Þriðjudaginn 12. ágúst kl. 20:30

Guðrún Ingimarsdóttir sópran og **Jónína Erna Arnardóttir** píanó flytja íslenska leikhústónlist, sönglög og aríur, m.a. eftir Atla Heimi Sveinsson, Jón Ásgeirsson, Indriða Einarsson og Sigurð Þórðarson.

7 Þriðjudaginn 19. ágúst kl. 20:30

Guðný Guðmundsdóttir fiðla og **Gunnar Kvaran** selló. Flutt verða *Svíta* nr. 2 í d-moll fyrir einleiksselló eftir Johann Sebastian Bach, *Eintal* fyrir einleiksfiðlu, sem Karólína Eiríksdóttir samdi og tileinkaði Guðnýju 2008, *Ciaconne* úr *Partítu* í d-moll fyrir einleiksfiðlu eftir J.S. Bach og *Sónatína* í E-dúr fyrir fiðlu og selló eftir Arthur Honegger.

8 Þriðjudaginn 26. ágúst kl. 20:30

Íslenski saxófónkvartettinn. Vigdís Klara Aradóttir sópransaxófónn, **Sigurður Flosason** altsaxófónn, **Peter Tompkins** tenórsaxófónn og **Guido Bäumer** barítónsaxófónn. *Fantasia* eftir Orlando Gibbons, *Historie du Tango* eftir Astor Piazzolla, *Ricercare dopo il credo* eftir Girolamo Frescobaldi, *Songs for Tony* eftir Michael Nyman og *Andante et Scherzo* eftir Eugene Bozza.

9 Þriðjudaginn 2. september kl. 20:30

Gerður Bolladóttir sópran, **Pamela De Sensi** flauta og **Sophie Marie Schoonjans** harpa. *Almanaksljóð* eftir Önnu S. Þorvaldsdóttur við ljóð Bolla Gústafssonar. Stiklað er á helstu messudögum ársins að fornu með stuttum ljóðrænum lýsingum af náttúru, veðri og bústörfum - oft með trúarlegri tilvísun.